HÁSKÓLI ÍSLANDS

Dagurinn þinn

Velkomin á brautskráningu kandídata frá Háskóla Íslands 24. febrúar 2018

Kæri kandídat.

Það styttist í brautskráningu í Háskóla Íslands og ég óska þér hjartanlega til hamingju með áfangann. Við erum afar stolt af þér og öðrum nemendum skólans og vonum að þér farnist sem best í framtíðinni.

Það skiptir okkur miklu máli að þér hafi líkað námið og dvölin við Háskóla Íslands og viljum við gjarnan fá að rækta tengslin við þig í framtíðinni. Við lítum svo á að allir sem brautskrást frá Háskóla Íslands séu hollvinir skólans. Markmið hollvinastarfs okkar er fyrst og fremst að efla tengslin á milli háskólasamfélagsins og fyrrverandi nemenda, miðla upplýsingum um fjölbreytta starfsemi Háskólans og fregna af þér og öðrum nemendum í framtíðinni.

Ég býð þig velkominn/velkomna á brautskráninguna sem fram fer í Háskólabíói laugardaginn 24. febrúar kl. 13.00. Hér að neðan er að finna hagnýtar upplýsingar um brautskráninguna sem ég bið þig góðfúslega um að kynna þér.

Með kærri kveðju,

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Gott að vita fyrir brautskráninguna 24. febrúar

Staður og stund: 24. febrúar kl. 13.00 í Háskólabíói.
Mæting: Í síðasta lagi klukkan 12.00.
Gestir: Þú mátt taka með þér tvo gesti.
Sætaskipan: Þú ert með frátekið númerað sæti sem kemur fram á nafnalista sem afhentur verður við innganginn í Háskólabíói.
Athöfnin sjálf: Þegar kemur að þínum hópi ganga kandídatar hægra megin upp á sviðið að merkingu á gólfi. Þegar þú hefur tekið við prófskírteini úr hendi deildarforseta og kveðju rektors gengur þú yfir sviðið og aftur til sætis. Starfsfólk Háskóla Íslands verður á staðnum og veitir nánari leiðbeiningar.

Dagskrá athafnarinnar:
- Tónlistarflutningur og setning
- Ávarp rektors
- Brautskráning eftir fræðasviðum: Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið, Verkfræði- og náttúruvísindasvið
- Ávarp fulltrúa kandídata
- Háskólakórinn flytur nokkur lög
- Ísland ögrum skorið, samsöngur
- Athöfn slitið kl. 14.30

Ef þú hefur ekki tök á að vera viðstaddur/viðstödd brautskráninguna bið ég þig vinsamlega um að tilkynna það skrifstofu þinnar deildar fyrir kl. 15.00 mánudaginn 19. febrúar.